



Alcro Brennicks Stál Brandskyddsfärg

Vörunr. 2641

Lýsing

Alcro Brennicks Stál Brandskyddsfärg (2641) er vatnsþynnanleg eldvarnarmálning á stál. Málningin getur varið hluti og mannvirki úr stáli í bruna í allt að 2 tíma. Málningin hefur viðurkenningu frá Svíþjóð sem SWEDCERT nr. 0190.

Notkun

Alcro Brennicks Stál Brandskyddsfärg (2641) gefur stáli eldvörn, þannig að stálhitastig hækki ekki um of við eldsvoða. Þannig getur styrkur stálsins og þar með mannvirkisins haldist þó umhverfishiti hækki við eldsvoða. Málningin er ætluð til nota innanhúss við þurrar aðstæður.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hægt að tóna til	Þurrefni: 64 % (rúmmál)
Gljástig: Matt	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 12,5 kg	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: Fer eftir þeirri eldvörn sem krafist er	Þurrktími: 1 klst
Eðlisþyngd: 1,33 kg/l	

Undirmálun

Flöturinn skal grunnaður með Unigrunni (1314) eða sambærilegum grunni. Lágmarks þurffilma skal vera um 40 µm. Leitið nánari upplýsinga um undirbúning og meðhöndlun málningarinnar hjá starfsmönnum Slippfélagsins.

Yfirmálun

Til að verja eldvörnina gegn raka og ániðslu notast Bett málning.

Yfirmálunartími (20 °C):	Lágmark	Hámark
Alcro Brennicks Stál Brandskyddsfärg (2641)	2-4 klst	Ekkert
Bett eða Vitretex	12 klst	Ekkert

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Málninguna má þynna að hámarki 3 % með vatni. Spíssviðd í loftlausri sprautun er 0.021"-0.027". Þrifið áhöld strax eftir notkun.

Vinnutilhögun

Fjarlægið olíu og fitu með hentugum hreinsiefnum. Skolið vel og fjarlægið sölt og önnur óhreinindi með ferskvatni (helst með háþrýstipvotti). Sandblástur í Sa 2½ða handhreinsun í St 3. Ryðverja þarf stálið með lágmark 40 µm þurrfilmu með t.d. Unigrunni (1314). Notið viðeigandi smíðagrunn ef þörf krefur. Setið eldvörmina **Alcro Brennicks Stå Brandskyddsfärg** (2641) á í viðeigandi filmuþykkt (sjá nánar um filmuþykkt). Verjið eldvörmina gegn raka og ániðslu með að mála yfir hana með Bett, Hemukrýl eða Vitretex akrýlmálningum.

Filmuþykkt

Til að reikna nauðsynlega eldvarnarfilmuþykkt á stálbita þarf eftirfarandi upplýsingar.

- Hversu lengi vörmin á að duga?
- Útlit stálsins, eins og stálþykkt, ummál og flatarmál þversniðs.
- Aðrar upplýsingar varðandi umhverfi, t.d. hvaða álag er á stálinu, er hluti stálsins varinn á annan máta, eru rör fyllt steypu o.s.frv.
- $$\frac{F}{A} = \frac{\text{Ummál þversniðs}}{\text{Flatarmál þversniðs}}$$

Dæmi um útreikninga er I laga stálbiti, með $F/A = 175$, sem á að þola 30 mín staðlaðan bruna (R 30). Til að eldvarnarmálningin geti veitt slíka vörn þarf 2 kg/m² af henni, sem gefur um 1000 µm þurrfilmu. Hafið samband við starfsmenn Slippfélagsins varðandi filmuþykkt og efnisnotkun.

Athugasemdir

- Við málun má hitastig ekki vera undir 10°C. Málningin er viðkvæm gagnvart raka og skal loftraki ekki vera meiri en 65 %. Flöturinn skal vera að minnsta kosti 3 gráður yfir daggarmarki.
- Þol og ending eldvarnarinnar við bruna er háð því magni af **Alcro Brennicks Stå Brandskyddsfärg** sem fer á flötinn.
- Alkýðmálningu má alls ekki nota yfir eldvarnarkerfið.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Alcro Brennicks Stå Brandskyddsfärg** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.